

Nd.

295. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

1. Við 1. gr.
 - a. Milli orðanna í 1. málsg. „landbúnaðarráðherra“ og „skal gjald“ komi: og mjólkursölunefnd hefir ákveðið sem sölusvæði.
 - b. Upphaf 3. málsg. orðist svo:
Tekjuafgangur mjólkursölu skal renna o. s. frv.
 - c. Í stað orðanna „skulu þó fá“ í 4. málsg. komi: skulu því fá.
 - d. Á eftir orðunum „í stöðvargjaldi búans“ í 4. málsg. komi nýr málslíður, svo hljóðandi: Flutningskostnaður þessi, bæði á mjólk og mjólkurafurðum, skal ákveðinn fyrirfram af mjólkursölunefnd svo oft, sem hún telur ástæðu til, þannig að hann sé sem næst raunverulegum kostnaði á hverjum tíma, og með hæfilegri hliðsjón af reynslu undanfarandi ára.
 - e. Upphaf síðasta málsl. 4. málsg. orðist svo: Stöðvar- og vinnslukostnaður skal talinn jafn hjá öllum mjólkurbúum á sama verðjöfnunarsvæði fyrir hverja vörutegund, sem þau framleiða, en slíkan kostnað o. s. frv.
 - f. Aftan við 1. málsl. 5. málsg. bætist: (miðað við bæjarlöndin eins og þau eru nú).
 - g. Síðasta málsg. greinarinnar orðist svo:
Fyrir það mjólkurmagn, sem framleiðendur þeir á sölusvæðinu, sem ekki hafa leyfi til sölu beint til neytenda, selja allt árið jafnt, skal þeim greiddur 1 eyrir á lítra umfram verðjöfnunarverð. Greiðist uppbót þessi úr verðjöfnunarsjóði eftir á fyrir næstliðið ár.
 - h. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Fyrir það mjólkurmagn, sem framleitt er utan sölusvæðis og selt er af sölusamtökum á því mánuðina okt.—des., skal greiða 1 eyri á lítra umfram jöfnunarverð þá mánuði. Einnig er mjólkursölunefnd heimilt að fyrirskipa mjólkurbúum að mismuna í útborguðu verði til framleiðenda eftir árstíðum, ef hún telur nauðsyn á til að fullnægja markaðsþörfinni.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Í stað orðanna í 5. gr. laganna „Heimilt skal þó ... ársnyt úr hverri kú“ komi: Heimilt skal þó mjólkursölunefnd að leyfa þeim, er framleiða mjólk innan lögsagnarumdæma kaupstaða, að velja um, hvort þeir afhenda solumjólk sína til sölusamtakanna og njóta undanþágu verðjöfnunargjalds samkv. 2. gr., eða selja mjólk sína beint til neytenda innan lögsagnarumdæmisins og greiða af henni verðjöfnunargjald eftir því, sem mjólkursölunefnd ákveður það á hverjum tíma. Skal þá verðjöfnunargjaldið miðað við 3000 lítra ársnyt úr hverri kú í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Hafi hinsvegar meðalársnyt í öðrum þeim lögsagnarumdæmum, þar sem sölusvæði er ákveðið, reynzt lægri samkv. skýrslum nautgriparæktarféлага þar, skal gjaldið miðað við það.
Heimilt er þó hverjum framleiðanda, sem undanþágu þessarar nýtur, að undanskilja til heimilisþarfa $\frac{1}{2}$ lítra á dag á hvern heimilismanna hans. En til heimilismanna teljast hér þeir, er framleiðandi hefir á framfæri, svo og hjú hans, enda tilkynni hann tölu heimilismanna og færi sönnur á hana, eftir því sem sölustjórn ákveður.
3. Við 4. gr. Í stað orðanna „sá, er flutninginn annast, eða aðrir“, í 2. málsg., komi: sá, er flutninginn annast, og aðrir.